

Stjórnarfundur STEFs 11. maí 2023 / Fundargerð - útdráttur

Að Laufásvegi 40 var haldinn fundur í stjórn STEFs kl. 10:30 fimmtudaginn 11. maí 2023.

Fundarmenn: Bragi Valdimar Skúlason, Hallur Ingólfsson, Eyþór Gunnarsson, Sigurður Flosason, Puríður Jónsdóttir og Páll Ragnar Pálsson. Sigríður Thorlacius boðaði forföll, en því miður komst varamaður hennar ekki. Að auki sat fundinn framkvæmdastjóri, Guðrún Björk.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð stjórnarfundar frá 26. Apríl, svo og útdráttur úr fundargerð lögð fram og samþykkt.
2. Ársreikningur STEFs lagður fram til afgreiðslu. Einar Hafliði Einarsson endurskoðandi mætti sem gestur á fundinn undir þessum lið og kynnti ársreikning STEFs 2022. Með honum var einnig Guðmundur Þór Guðjónsson, fjármálastjóri STEFs.

Ársreikningurinn var samþykktur samhljóða og undirritaður.

3. Skýrsla framkvæmdastjóra um starfsemi STEFs milli stjórnarfunda.

Þar sem skammt var liðið frá síðasta stjórnarfundum var skýrslan einungis flutt munnlega að þessu sinni. Aðallega var farið yfir úthlutanir sjóða STEFs og þá sérstaklega fjármögnun þeirra í tengslum við Menningarsjóð STEFs. Nokkur umræða varð um úthlutun hins nýstofnaða *Stórverkasjóðs* og var vilji til að gera nokkrar breytingar á reglum sjóðsins. Verða þær í framhaldinu ræddar af stjórn sjóðsins.

Þá var einnig rætt um fyrirhugað málþing um höfundarétt og gervigreind, sem haldið verður í haust.

4. Ársskýrsla STEFs lögð fram til kynningar.

Engar athugasemdir voru gerðar við skýrsluna.

5. Niðurstöður úr könnun Gallup fyrir STEF um vörumerkjavitund lagðar fram. Ákveðið var að fresta þessum lið til næsta stjórnarfundar vegna tímaskorts.
6. Sjálfsmat stjórnar – frh. frá síðasta fundi. Ákveðið var að fresta þessum lið til næsta stjórnarfundar vegna tímaskorts.
7. Undirbúningur aðalfundar fulltrúaráðs.

Lögð var fram tillaga stjórnar um kosningu tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara, svo og um að laun stjórnarmanna yrðu óbreytt, en myndu fylgja vísitölu. Voru þessar tillögur samþykktar og verða því lagðar fram á aðalfundinum.

8. Önnur mál.

Engin önnur mál voru fram borin. Fundi var slitið kl. 12:10